

## **Fuglalíf í suðvestanverðum Tindastóli**

**Ólafur Einarsson**

Unnið fyrir Vcgagerðina á Sauðárkróki

NÍ-98002

Reykjavík, febrúar 1998



## **EFNISYFIRLIT**

1 INNGANGUR	3
2 STADHÆTTIR	3
3 AÐFERÐIR	3
4 NIÐURSTÖÐUR	4
5 UMFJÖLLUN	6
6 ÞAKKIR	7
7 HEIMILDIR	8
1. VIÐAUKI	9

## 1 INNGANGUR

Í síðari hluta maí 1997 barst Náttúrufræðistofnun erindi frá Vegagerðinni á Sauðárkróki um að gera úttekt á gróðurfari og fuglalífi á fyrirhuguðu vegstæði og skíðaaðstöðu í suðvestanverðum Tindastóli. Í skýrslu þessari er fjallað um rannsóknir á fuglalífi í suðvestanverðum Tindastóli en gróðurrannsóknum eru gerð skil í annarri skýrslu.

## 2 STAÐHÆTTIR

Athugunarsvæðið er í suðvestanverðum Tindastóli, frá Skagavegi og upp með Lambá þar sem hún kvíslast í Lambárbotnum, áfram upp með syðri kvíslinni, norður og norðaustur af svokölluðum Þröskuldi. Svæðið er að mestum hluta vaxið lynggróðri og liggur í um 180 m upp í um 700 m hæð yfir sjávarmáli.

Einnig var gengið upp með afrennsli Álftavatns og að vatninu en það er norður af fyrirhuguðu framkvæmdasvæði.

## 3 AÐFERÐIR

Lokaákvörðun um athugun þessa kom í byrjun júní er nokkuð var liðið á varptíma fugla. Því var ekki eftir neinu að bíða og farið norður þann 10. júní. Athuganir á fuglalífi voru framkvæmdar þann 11. júní. Í vettvangsathugun var gengið með fyrirhuguðu vegstæði og um áætlað byggingarsvæði þar sem koma á fyrir aðstöðuhúsi, bílastæðum og skíðalyftu. Allir fuglar sem sáust á athugunarsvæðinu voru skráðir. Til þess að meta þéttleika mófugla var talið á fjórum sniðum í nágrenni við og á fyrirhuguðu vegstæði. Snið I var tekið kl. 08:00, snið II kl. 08:55, snið III kl. 13:25 og snið IV kl. 14:00. Snið I var staðsett á sléttlendi við Skagaveg neðan við gilið sem Lambá rennur um (um 180 m.y.s.). Snið II var tekið norðvestan við gilið í halla austur af Skagaveginum (um 230 m.y.s.). Snið III var staðsett við fyrirhugað vegstæði skammt neðan við ráðgert byggingarsvæði (um 430 m.y.s.). Snið IV var einnig við vegstæðið í halla sunnan við Lambá tæpa tvo kílómetra norðaustur af Skagavegi (um 340 m.y.s.). Einkennisgróður á sniði I var lyng, á sniði II skiptist á mýragróður (klóffia, *Eriophorum angustifolium*, og ljósastör, *Carex rostrata*) og lyngmóar, en á sniði III og IV var lynggróður mest áberandi. Öll sniðin voru 600 m löng. Talið var á tveimur beltum, 100 m og 200 m, en aðferðin byggðist á hinni svokölluðu „finnsku aðferð“ (Järvinen og Väisänen 1975, Järvinen 1976, Bibby o.fl. 1992). Í útreikningum á þéttleika var leiðrétt fyrir þá fugla sem ekki sjást eftir því sem fjær dregur miðlínu sniðs. Þar er stuðst við línulega formúlu sem fundin hefur verið út í finnskum rannsóknum á varþéttleika fugla (Järvinen 1976, Bibby o.fl. 1992).

Gengið var upp að Álfavatni til að fá samanburð á fuglalífi í nágrenni við fyrirhugað framkvæmdasvæði.

Náttúrufræðistofnun hefur um árabil staðið fyrir rannsóknum á útbreiðslu fugla en samt voru í fórum stofnunarinnar takmörkuð gögn um fuglalíf svæðisins. Samkvæmt ákveðnu kerfi hefur Íslandi verið skipt niður í 10×10 km reiti til rannsókna á útbreiðslu og hefur hver reitur sitt einkennisnúmer. Reitakerfi þetta var upprunalega gert til þess að rannsaka útbreiðslu plantna á Íslandi (Hörður Kristinsson & Bergþór Jóhannsson 1970). Í rannsóknum á útbreiðslu varpfugla er upplýsinga aflað frá fuglaskoðurum og heimamönnum og einnig með vettvangsferðum í hvern reit. Fyrirhugað framkvæmdasvæði er allt innan reits númer 4641. Varpfuglar hafa einungis verið lauslega athugaðir í þeim reit. Yfirlitið sem tekið var saman um varpfugla í reit 4641 var byggt á gögnum sem til voru á Náttúrufræðistofnun ásamt þeim upplýsingum sem bættust við í sumar. Ennfremur var áætlað hvaða tegundir þættu líklegir varpfuglar en voru óskráðar í reitnum árið 1997.

#### 4 NIÐURSTÖÐUR

Í reit 4641 eru skráðar 18 tegundir varpfugla en 13 tegundir til viðbótar þykja líklegir varpfuglar en eru þó óstaðfestar fyrir reitinn. Því er mögulegt að um 31 fuglategund verpi í reit þessum (1. viðauki).

Meðan á athugunum stóð voru skráðar tíu fuglategundir sem allar þykja líklegir eða öruggir varpfuglar (1. tafla). Engin þessara tegunda er sjaldgæfur varpfugl hérlendis og eru þær allar algengar víða um land. Einungis fannst eitt hreiður; hrafnsheiður með þrem ungunum. Hjá öðrum tegundum benti atferli eindregið til þess að þær væru verpandi. Fuglarnir voru misalgengir, allt frá því að vera einungis eitt verpandi par eins og hjá hrafni og kjóa, upp í það að vera einhverjir tugir para eða meira.

#### 1. tafla. Varpfuglar á athugunar-svæðinu í suðvestanverðum Tindastóli í júní 1997

Tegund	Mat á fjölda varppara*
Rjúpa	+
Heiðlóa	+++
Lóuþræll	+
Hrossagaukur	++
Spói	+
Kjóa	+
Þúfuttlingur	+++
Steindepill	+
Hrafn	+
Snjótittlingur	+

\*+=citt til fácin pör

++=fácinir tugir para,

+++=margir tugir para.

Mófuglar voru taldir á fjórum sniðum og eru niðurstöðurnar í 2. töflu. Flestar tegundir, alls fimm, fundust á sniði I sem var lægst yfir sjávarmáli og var þéttleiki varpfugla einnig mestur þar, 237 pör á km<sup>2</sup>. Minnstur var þéttleikinn á sniði IV 61 par á km<sup>2</sup>. Á sniði I var þéttleiki þúfutittlings og hrossagauks mikill, um 100 varppör á km<sup>2</sup>. Þéttleikinn var minni hjá öðrum tegundum á því sniði. Á öðrum sniðum voru einungis tvær fuglategundir skráðar. Þúfutittlingur telst vera einkennisvarpfugl þessa svæðis þar sem hann finnst á öllum sniðum og þéttleiki er mikill sérstaklega á sniði I, en á öðrum sniðum er hann minni eða um 40 pör á km<sup>2</sup>. Heiðlóa er næst algengust og var skráð á þremur sniðum, minnst 20 pör á km<sup>2</sup> en mest 67 pör á km<sup>2</sup>. Steindepill var skráður á einu sniði, þéttleiki hans er eflaust ofmetinn þar sem ekki sáust fleiri varplegir steindeplar á svæðinu. Snjótitlingar voru aftur á móti ekki skráðir á sniðunum en þeir voru sannanlega verpanði á svæðinu.

**2. tafla. Talningar á mófuglum á sniðum í suðvestanverðum Tindastóli í júní 1997 (pör á ferkílómetra)**

a) Tegund	Snið					
	I			II		
	100 m	200 m	pör/km <sup>2</sup>	100 m	200 m	pör/km <sup>2</sup>
Heiðlóa	1	1	20	2	0	67
Lóupræll	1	0	33	–	–	–
Hrossagaukur	3	0	100	–	–	–
Spói	1	0	33	–	–	–
Þúfutittlingur	4	1	92	2	1	42
Alls	10	2	237	4	1	92

b) Tegund	Snið					
	III			IV		
	100 m	200 m	pör/km <sup>2</sup>	100 m	200 m	pör/km <sup>2</sup>
Heiðlóa	1	0	33	–	–	–
Þúfutittlingur	1	0	33	2	2	39
Steindepill	–	–	–	1	0	33
Alls			67			61

Tilraun var gerð til þess að meta fjölda varpfugla á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði og eru niðurstöður af því mati birtar í 3. töflu. Þetta eru lágmarkstölur fyrir lóupræll, hrossagauk, heiðlóu og þúfutittling, sérstaklega tvær síðasttöldu tegundirnar.

Fuglalíf í nágrenni við Álftavatn skammt norðan við fyrirhugað framkvæmdasvæði er svipað og hefur verið lýst hér að ofan. Mest bar á heiðlóu og þúfutittlingi en einnig sáust hrossagaukur, spói og lóupræll (4. tafla). Við Álftavatn er hinsvegar nokkuð stór óspillt mýri og fuglalíf er því líklega fjölbreyttara þar en á rannsóknarsvæðinu. Athuganir voru ekki ítarlegar í nágrenni við Álftavatn og gefur tafla 4 ekki tæmandi lista yfir varpfugla.

**3. tafla. Áætlaður fjöldi varppara á framkvæmdasvæði í austanverðum Tindastóli\***

Tegund	Varppör
Heiðlóa	6
Lóuþræll	1
Hrossagaukur	2
Kjói	1
Þúfutittlingur	8
Steindepill	1
Hrafn	1
Snjótitlingur	2

\*Míðað var við fyrirhugað vegstæði, skíðaaðstöðu og næsta nágrenni og eru þessar tölur lágmarkstölur sem byggja eingöngu á séðum fuglum.

**4. tafla. Fuglar í nágrenni Álftavatns við Tindastól**

Tegund	Líklegir varpfuglar	Aðrir fuglar
Álft	x	
Heiðlóa	x	
Lóuþræll	x	
Hrossagaukur	x	
Jaðrakan		x
Spói	x	
Kjói		x
Þúfutittlingur	x	

**5 UMFJÖLLUN**

Ofangreindar athuganir á fuglalífi gefa yfirlit um varpfugla á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði í suðvestanverðum Tindastól. Fuglalíf þar telst ekki vera einstætt á landsvísi. Það er dæmigert fyrir lyngmóa, þar sem þúfutittlingur, heiðlóa og rjúpa eru einkennisfuglar. Einungis ein rjúpa sást á athugunardegi, einn ropandi karri sem sást utan við snið I. Reyndar var ekki við því að búast að rjúpur væru áberandi á þessum tíma, þar sem liðið var á varptímamann, en best er að telja rjúpur í byrjun varptímans í síðari hluta maí (Ólafur K. Nielsen 1996). Æskilegt hefði verið að framkvæma sniðtalningar og almennar athuganir á fuglalífi tvisvar til að fá nákvæmari upplýsingar um varpfugla á staðnum, fyrst í síðari hluta maí og svo aftur um miðjan júní. Ekki reyndist unnt að framkvæma athuganir í síðari hluta maí þar sem lokaákvörðun um rannsóknirnar var ekki tekin fyrr en í fyrstu viku júní.

Þéttleiki mófugla hefur verið mældur á nokkrum stöðum á Íslandi í mismunandi búsvæðum, þar á meðal lyngmóum en mælingar á þéttleika mófugla í því búsvæði eru ekki

margar. Þéttleiki mófugla í suðvestanverðum Tindastóli var svipaður og í lyngmóum í Mývatnssveit. Á Hofstaðaheiði (260 til 340 m.y.s.) í Mývatnssveit voru samtals 138 varppör á km<sup>2</sup>, þar af 48 þúfutittlingspör og 41 heiðloupör (Ólafur K. Nielsen 1980). Á Austurheiðum Reykjavíkur (70 til 270 m.y.s.) var þéttleiki mófugla á sniðum frá 80 varppörum á km<sup>2</sup> upp í 185 varppör á km<sup>2</sup>. Á Austurheiðum var varppéttleiki heiðlóu svipaður og á rannsóknarsvæðinu við Tindastól, eða frá 29 pörum upp í 63 pör á km<sup>2</sup>. Á Austurheiðunum var þéttleiki þúfutittlings hinsvegar mun minni eða frá 8 pörum upp í 26 pör á km<sup>2</sup> (Jóhann Ó. Hilmarsson og Kristinn H. Skarphéðinsson 1996). Varppéttleiki mófugla í suðvestanverðum Tindastóli var miklu meiri en í hraunum á Reykjanesskaga þar sem hann var á bilinu 8 til 26 pör á km<sup>2</sup> (Kristinn H. Skarphéðinsson og Ólafur Einarsson 1989). Þéttleiki heiðlóu og þúfutittlings virðist vera meiri við Tindastól en víðast hvar á Suðvesturlandi (sjá Kristinn H. Skarphéðinsson o.fl. 1994). Þéttleiki mófugla við Tindastól var hins vegar mun minni en í skógum eða kjarrlendi þar sem þéttleiki varppara var 715 pör á km<sup>2</sup> í Varastaðaskógi Suður-Pingeyjarsýslu og í Dýrafirði þar sem voru 568 pör á km<sup>2</sup> (Ólafur K. Nielsen 1980).

Víðfeðmir falletgir lyngmóar einkenna rannsóknarsvæðið og nágrenni þess og er töluvert af fuglum þar eins og talningar á sniðum gáfu til kynna. Gæta þarf þess að spilla mounum ekki að óþörfu með jarðraski. Æskilegt væri að efni í vegstæði sé ekið að og ekki verði ýtt upp efni í veginn. Rask á fyrirhugðu byggingarsvæði ætti að vera sem minnst þar sem búsvæði eru viðkvæm í þessari hæð (í um 450 m til 700 m) og erfitt að bæta fyrir unninn skaða vegna þess hve sumarið er stutt og varptími fugla og vaxtartími plantna skammur. Á skíðasvæðum hefur vinnuvélum oft verið beitt meira af kappi en forsjá og hefur það valdið sárum í gróðurþekju sem erfitt er að ráða við, sérstaklega þar sem gróðurþekjan er rofinn í halla.

Æskilegt væri að kanna hvort mögulegt er að færa veginn úr gilinu þar sem Lambá rennur og yfir í hlíðina sunnan megin við ána. Fyrirhugaður vegur á að koma yfir gilið rétt fyrir ofan þann stað sem Lambá rennur fram á sléttlendi. Ef vegurinn væri færður til yrði gilinu ekki spilt með veglagningu, en blómlegur gróður er í gilinu og þar verpur einnig hrafn. Hver veit nema að fálki gæti orpið í gilinu síðar en þeir nota oft hrafnslaupa og hefur fálki verið skráður sem varpfugl í þessum athugunarreit. Vegur yfir gilið spillir óneitanlega umhverfi gilsins með tilheyrandi uppfyllingum og raski.

## 6 PAKKIR

Ævar Petersen las yfir handrit af þessari skýrslu en Kristinn H. Skarphéðinsson veitti upplýsingar um fuglalíf í reit 4641.

## 7 HEIMILDIR

- Bibby, C.J., N. D. Burgess og D. A. Hill 1992. Bird Census Techniques. Gefið út fyrir British Trust for Ornithology og Royal Society for the Protection of Birds. Academic Press. London. 257 bls.
- Hörður Kristinsson og Bergþór Jóhannsson 1970. Reitskipting Íslands fyrir rannsóknir á útbreiðslu plantna. Náttúrufræðingurinn 40: 58–65.
- Järvinen, O. 1976. Estimating relative densities of breeding birds by the line transect method. II. Comparisons between two methods. Ornis Scand. 7: 43–48.
- Järvinen, O. og R.A. Väisänen 1975. Estimating relative densities of breeding birds by the line transect method. Oikos 26: 316–322.
- Jóhann Óli Hilmarsson og Kristinn H. Skarphéðinsson 1996. Fuglar Austurheiðar. Í: Kristbjörn Egilsson (ritstjóri). Náttúrufar í austurlandi Reykjavíkur. Klapparholt, Austurheiði, Úlfarsá og Hamrahlíðarlönd (Úlfarsfell). Náttúrufræðistofnun Íslands. Skýrsla unnin fyrir Reykjavíkurborg.
- Kristinn H. Skarphéðinsson og Ólafur Einarsson 1989. Fuglalíf á sunnanverðum Reykjanesskaga. Í: Kristbjörn Egilsson (ritstjóri) Náttúrufar á sunnanverðum Reykjanesskaga. Náttúrufræðistofnun Íslands. Samvinnunefnd um skipulagsmál á Suðurnesjum.
- Kristinn H. Skarphéðinsson, Gunnlaugur Pétursson og Jóhann Óli Hilmarsson 1994. Útbreiðsla varpfugla á Suðvesturlandi. Könnun 1987-1992. Fjölrit Náttúrufræðistofnunar 25. 126 bls.
- Ólafur K. Nielsen 1980. Rannsóknir á þéttleika mófugla í Mývatnssveit 1978 og við Önuðarfjörð og Dýrafjörð 1979. Óbirt fjórða árs ritgerð við Líffræðiskor Háskóla Íslands. 55 bls.
- Ólafur K. Nielsen 1996. Rjúpnatalningar á Norðausturlandi 1981–1994. Náttúrufræðingurinn 65: 137–151.



**1. viðauki. Líklegir varpfuglar í reit 4641, í sunnanverðum Tindastóli, Gönguskörðum og nágrenni**

Tegund		Varpfuglar	
Íslenskt heiti	Latneskt heiti	Skráður*	Óskráður en líklegur
Fýll	<i>Fulmarus glacialis</i>		x
Álft	<i>Cygnus cygnus</i>	x	
Heiðagæs	<i>Anser brachyrhynchus</i>	x	
Grágæs	<i>Anser anser</i>		x
Urtönd	<i>Anas crecca</i>		x
Stökkönd	<i>Anas platyrhynchos</i>		x
Straumönd	<i>Histrionicus histrionicus</i>		x
Toppönd	<i>Mergus serrator</i>		x
Gulönd	<i>Mergus merganser</i>		x
Smyrill	<i>Falco columbarius</i>	x	
Fálki	<i>Falco rusticolus</i>	x	
Rjúpa	<i>Lagopus mutus</i>	x	
Sandlóa	<i>Charadrius hiaticula</i>	x	
Heiðlóa	<i>Pluvialis apricaria</i>	x	
Sendlingur	<i>Calidris maritima</i>	x	
Lóuþræll	<i>Calidris alpina</i>	x	
Hrossagaukur	<i>Gallinago gallinago</i>	x	
Jaðrakan	<i>Limosa limosa</i>		x
Spói	<i>Numenius phaeopus</i>	x	
Stelkur	<i>Tringa totanus</i>	x	
Óðinshani	<i>Phalaropus lobatus</i>	x	
Kjóí	<i>Stercorarius parasiticus</i>	x	
Hettumáfur	<i>Larus ridibundus</i>		x
Sílamáfur	<i>Larus fuscus</i>		x
Kría	<i>Sterna paradisaea</i>		x
Þúfutittlingur	<i>Anthus pratensis</i>	x	
Mariuerla	<i>Motacilla alba</i>		x
Steindepill	<i>Oenanthe oenanthe</i>	x	
Skógarþröstur	<i>Turdus iliacus</i>		x
Hrafn	<i>Corvus corax</i>	x	
Snjótittlingur	<i>Plectrophenax nivalis</i>	x	
Alls		18	13

\*Jafngilt hvort sem fuglar hafa fundist verpanði eða vísibending verið um varp samkvæmt atferli.